



Vetrarlegt var um að litast á Sæbrautinni í gær er talsvert snjóaði í höfuðborginni. Veðurstofan gerir ráð fyrir frosti þar til á laugardaginn að örlítið slaknar á klónni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Skemmtiferðaskip til landsins í sumar með bólusetta farþega

Alls er nú áætlað að skemmtiferðaskip komi 138 sinnum til Reykjavíkur næsta sumar með tæplega 150 þúsund farþega. Þótt gert sé ráð fyrir afbókunum segir markaðsstjóri Faxaflóahafna sum skipafélög ætla að fljúga með farþega til Íslands sem verði skimaðir í Leifsstöð. Aukin krafa er um bólusetningavottorð.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Að óbreyttu mega Íslendingar eiga von á að sjá eitthvað af skemmtiferðaskipum í sumar ólíkt síðasta sumri. Afbókanir hafa verið færri en í fyrra og í auknum mæli gera skipafélögin kröfu um bólusetningavottorð.

„Það koma skip en þetta verður ekki stórt sumar,“ segir Pétur Ólafsson, hafnarstjóri hjá Hafnarsamlagi Norðurlands. Sumarið 2020 kom ekkert skip til Akureyrar og aðeins eitt kom við í smærri höfnum Norðurlands. Pétur segir það hafa verið hrodalegt áfall fyrir rekstur samlagsins og valdið tekjufalli upp

á 450 milljónir króna. Skipafélögin panta vanalega pláss með tveggja eða þriggja ára fyrirvara. Að sögn Péturs hafa flestar afbókanir vegna sumarsins verið snemmsumars en flest skemmtiferðaskipin koma frá miðjum júní fram í miðjan ágúst. „Nokkur skipafélög hafa þegar gefið út að þau ætli að sigla hingað með bólusetta farþega,“ segir hann.

Bókaðar skipakomur hjá Faxaflóahöfnum eru 138 og farþegar tæplega 150 þúsund. Erna Kristjánsdóttir markaðsstjóri segist gera ráð fyrir afbókunum á komandi mánuðum en óljóst sé hversu margar

Það koma skip en þetta verður ekki stórt sumar.

Pétur Ólafsson  
hafnarstjóri



þær verði. Nokkur skipafélög hafi hins vegar fullan hug á að sigla með farþega sem koma í gegnum Leifsstöð og fari í sýnatöku bæði þar og um borð í skipunum.

Um borð í skipunum séu læknar og hjúkrunarfræðingar, ásamt því að sýnatökur eru framkvæmdar. Sérstakur gríðastaður er skilgreindur um borð ef einhver veikist. „Staðan núna hjá flestum skipafélögum er sú að farþegar farþegaskipa mega ekki ferðast innanlands á eigin vegum, heldur verða þeir að ferðast um í ákveðinni búbbu þannig að auðveldara sé að halda utan um hópinn,“ segir hún.

Í fyrra komu aðeins sjö skip með rúmlega 1.300 farþega í Faxaflóahafnir. Tekjufallið var um 600 milljónir króna. – khg

## Reynir kaupir í Arion banka fyrir milljarð

**VIÐSKIPTI** Reynir Grétarsson, stofnandi Creditinfo, er kominn í hóp um þrjátíu stærstu hluthafa Arion banka eftir að hafa keypt drjúgan skerf, eða sem nemur um milljarði króna, af þeim tæplega tíu prósentu hlut sem bandaríski vögunarsjóðurinn Taconic Capital seldi í bankanum undir lok síðasta mánaðar.

Eignarhaldsfélög og ýmsir fjárfsterkir einstaklingar keyptu meirihluta bréfanna af Taconic, einkum í gegnum framvirka samninga hjá bönkunum, samkvæmt lista yfir alla hluthafa Arion í gær, sem Markaðurinn hefur séð. Íslenskir lífeyrissjóðir, meðal annars LSR og Lífeyrissjóður verzlunarmanna, og verðbréfasjóðir bættu hins vegar við sig um þriggja prósentu hlut.

Hlutur erlendra fjárfesta í Arion hefur hriðfallið en í ársbyrjun 2020 nam samanlagður hlutur þeirra um 50 prósentum. Í dag eiga þeir undir 5 prósentum. – hae / sjá Markaðinn

Mmm ...  
ananas  
bestur núna!

Krónan  
mælir með!

KRÓNAN

## Hert eftirlit með sóttkví í heimahúsi

**COVID-19** Yfirvöld virðast hætt við að skylda þá sem búa á Íslandi í sóttkví á sóttvarnahótelum eftir að Landsréttur vísaði í gær frá kærnu vegna úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur um ólögmati reglugerðar heilbrigðisráðherra þess efnis.

Í staðinn á að efla eftirlit með fólki í heimasóttkví. „Það er einmitt eitt af því sem við erum að skoða þessa dagana; hvaða fletir eru á því að auka eftirlitið,“ segir Rögnvaldur Ólafsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Almannavörnum.

Aðspurður segir Rögnvaldur of snemmt að segja til um hvaða aðferðir séu til skoðunar.

„Þetta er vinna sem er bara nýlega byrjuð og við eigum eftir að finna leiðir sem okkur finnast heppilegar,“ segir hann. „Það er í sjálfu sér allt til skoðunar og við erum opin fyrir öllu.“

●● Það er í sjálfu sér allt til skoðunar og við erum opin fyrir öllu.

Rögnvaldur Ólafsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Almannavörnum



Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagði við Fréttablaðið í gærkvöld að gefa eigi út nýja reglugerð, byggða á núverandi lögum. Gera má ráð fyrir því hún feli í sér að ferðamenn og þeir sem ekki búa hér fari áfram á sóttvarnahótel.

„Ég útiloka það ekki að við gætum lagt til að það yrði að fara fram einhvers konar breyting á sóttvarnalögum en fyrst um sinn ætlum að við að fara þessa leið í gegnum reglugerð og framkvæmdina,“ sagði ráðherra.

Rögnvaldur itrekar að sá leki sem yfirvöld hafi ætlað að setja fyrir með ráðstöfunum á landamærunum og sóttvarnahótelinu snúist ekki aðeins um ferðamennina.

„Það er náttúrulega líka fólk sem býr hér og starfar og er með lögheimili á Íslandi sem við höfum verið í vandræðum með,“ segir Rögnvaldur. Vandinn sé því ekki leystur með því að skikka eingöngu ferðamenn á sóttvarnahótel.

Rögnvaldur segir að ekki hafi verið settur tímarammi fyrir lausn málsins. „Það væri ágætt að vera kominn með einhverja hugmynd fyrir helgi eða um helgina.“ – gar

## Parkinsonsamtökin fengu veglegan styrk



Bjarni Hafþór Helgason afhenti í gær Parkinsonsamtökunum sex milljóna króna styrk sem er afrakstur listsýningarinnar Fuglar hugans. Á sýningunni var að finna málverk eftir Ingvar Þór Gylfason sem voru innblásin af tónlist Bjarna Hafþórs. Við hlið málverkanna eru myndbönd sem Kristján Kristjánsson framleiddi þar sem sjá má dansa Kötú Vignisdóttur. Fjárhæðin rennur í uppbyggingu Parkinsonseturs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hópsmit virðist vera einangrað

**COVID-19** „Okkur var brugðið við að heyra þessi tíðindi þar sem þetta er fyrsta samfélagssmítið í bænum,“ segir Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, en hópsmit greindist á vinnustað í grennd við Vík í gær.

„Við vorum hrædd um að smítið hefði dreift sér um bæinn en svo virðist ekki vera eins og sakir standa alla vega.“

Ég átti gott spjall við Björn Inga Jónsson, verkefnastjóra almanna- varna á Suðurlandi, sem sagði mér að smitrakningu væri lokið og svo virtist sem um einangrað hópsmit væri að ræða,“ itrekar Þorbjörg.

„Þetta sýnir okkur það að þótt það hafi gengið vel hingað til í baráttunni við veiruna þá megum við ekki sofna á verðinum. Það er hins vegar gott að vita af því að smítið hafi ekki dreift sér meira. Nú þurfum við bara að gæta að sóttvörnum,“ segir Þorbjörg um framhaldið. – hó

## Eldgosið hefur skapað fyrirtækjum tækifæri

Dagný Björg Stefánsdóttir, forstjóri Hidden Iceland, segir áhuga að utan hafa aukist eftir að eldgos hófst á Reykjanesi. Mikilvægt sé að finna nýjar leiðir til að kynna Ísland. Hennar leið er að bjóða upp á sýndarmenntunarnámskeið.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Margar ferðaskrifstofur sem við erum í samstarfi við erlendis voru að leita leiða til að halda viðskiptavinum spennu fyrir þeim ferðum sem þurfti að setja á ís og upp úr því spratt þessi hugmynd,“ segir Dagný Björg Stefánsdóttir, forstjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Hidden Iceland.

Ferðaþjónustufyrirtækið mun bjóða upp á sýndarmenntunarnámskeið um eldgos á Reykjanesi. Um er að ræða fyrirlestur á netinu svo fólk um heim allan geti fræðst um eldgos. Stuðst verður við myndir og myndbönd af eldgosinu og að fyrirlesturinum loknum býðst þáttakendum að spyrja spurninga.

Meginástæðu fyrirlestrarins segir Dagný vera þá að kveikja neistann hjá tilvonandi ferðalögum fyrir ferðalögum til Íslands þegar aðstæður leyfa. „Þó svo að ferðalög til útlanda séu ekki í boði fyrir alla þá þýðir það ekki að það sé ekki hægt að byrja að skipuleggja og hafa eitthvað til að hlakka til,“ segir hún.

Dagný segir að eftir að eldgos hófst á Reykjanesi þann 19. mars síðastliðinn hafi hún fundið fyrir miklum áhuga að utan.

„Til dæmis hafa þeir sem eru með ferðir bókaðar með okkur í vor haft samband til að athuga hvort hægt sé að bæta göngu að gossvæðinu í ferðina þeirra,“ segir hún. „Við bjóðum upp á dagsferð um Reykjanes og áhuginn á þeirri ferð hefur einnig aukist í kjölfar gossins,“ bætir Dagný við.

Frá því að kórónaveirufaraldurinn hófst hér á landi hefur ferðaþjónusta að mestu leyti legið niðri og segir Dagný að þegar faraldurinn stóð sem hæst hafi starfsemi fyrirtækisins í rauninni legið í dvala.



Ný sprunga myndaðist nýlega á gossvæðinu á Reykjanesi. Dagný segir áhuga að utan hafa aukist mikið eftir að gosið hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

●● Við vonum að gosið í Geldingadöllum hafi svipuð áhrif þegar við komum út úr heimsfaraldrinum og gosið í Eyjafjallajökli árið 2010.

Dagný Björg Stefánsdóttir, forstjóri Hidden Iceland



Hún segir mörg tækifæri felast í eldgosinu og þá hafi breyttar reglur á landamærunum einnig breytt miklu, en þær tóku gildi í fyrradag og heimila farþegum utan Schengen að ferðast til Íslands án þess að fara í sóttkví, hafi þeir vottorð um bólusetningu eða staðfestingu um COVID-19 sýkingu.

„Þessar fregnir voru kærkomnar fréttir fyrir okkar starfsemi þar sem okkar stærsti viðskiptavinur kemur frá Bandaríkjunum. Þessi breytta reglugerð veitir okkur meiri fyrir- sjáanleika út árið og viðskiptavinir geta bókað með meira öryggi ef þeir hafa verið bólusettir,“ segir Dagný.

Hvað gosið varðar felast í því tækifæri til að koma Íslandi í sviðsljósið að nýju að sögn Dagnýjar.

„Við vonum að gosið í Geldingadöllum hafi svipuð áhrif þegar við komum út úr heimsfaraldrinum og gosið í Eyjafjallajökli árið 2010,“ segir Dagný. Mikilvægt sé fyrir ferðaþjónustuna að finna nýjar leiðir til að kynna Ísland, sýndar- veruleikanámskeiðið sé þáttur í því.

„Þessi tækni hefur verið mjög mikilvægt tól fyrir okkur þegar ferðalög hafa ekki verið möguleg fyrir marga,“ segir Dagný. [birnadröfn@frettabladid.is](mailto:birnadröfn@frettabladid.is)

**LYFSALINN**

GLÆSILEGT APÓTEK Í ORKUHÚSINU

URÐARHVARFI 8

Verið hjartanlega velkomin

www.lyfsalinn.is

OPIÐ 9.00 - 18.00 virka daga



blómaval HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

## Vorið kallar á þig

20%



**damixa**  
Eldhúsblöndunartæki  
Silhouet, brass. 8000070  
**33.990** kr  
~~42.865~~ kr

40%

Meðan birgðin endast  
**Túlípanar**  
10 stk.

**1.490** kr  
~~2.490~~ kr



20%

**BLACK+DECKER**  
Rafmagnshekkklippur  
500W, 50 cm blað, klippigeta  
22 mm, getur sagað allt að  
35 mm greinar. 5083646

**13.595** kr  
~~16.995~~ kr



20%

**OUTBACK**  
Gasgrill Tango 4B **NÝTT**  
Ryðfrítt með stórum grillflöt: 70x42 cm,  
fjórir ryðfrír brennarar. 3000229

**51.990** kr  
~~64.990~~ kr



**Sýpris**  
Flott í útípottana.

**1.990** kr



21%

**GROHE**  
Handlaugartæki  
Grohe Feel, stærð-L.  
Króm. 7910803

**20.990** kr  
~~26.665~~ kr



**AEG**  
Þvottavél 8 kg,  
1400 sn.

Kolalausum mótur, vigtar sjálfkrafa þyngd  
þvottar, velur þvottatíma. 1860502  
**79.990** kr  
~~94.990~~ kr



22%

**Nilfisk**  
Háþrýstidæla  
110 bór, 1,4kW, 440 ltr./klst.,  
5 m slanga. Click & Clean kerfi. 5254200

**13.995** kr  
~~17.845~~ kr



26%

**NEO**  
Verkfæravagn  
Stærð: 68x46x78 cm, hæð 94 cm með  
hjólum, ber 200 g. 8 skúffur. 5024484

**36.995** kr  
~~49.995~~ kr



**ORIENT**  
Reiðhjól 20" Orient Snake  
Dekk 20", 6 gírar, þyngd: 12,6 kg.  
3901269, 3901270, 3901271

**35.900** kr



LADY málning  
**20%**  
afsláttur



Pottaplöntur  
Ný sending í hverri viku  
**20%**  
afsláttur

Parket og flísar  
**25%**  
afsláttur



Nýtt blað er komið út  
Skoðu blaðið á husa.is



# Félagsráðgjafar sagðir óánægðir með laun sín á Landspítalanum

**VINNUMARKAÐUR** Tólf og hálf prósents félagsráðgjafa sem starfa á Landspítalanum hafa aðeins starfað við spítalann í eitt ár eða skemur.

Þetta kemur fram í svari Nönnu Briem, forstöðumanns geðþjónustu Landspítalans, við fyrirsöfnun Fréttablaðsins.

27,1 prósents starfandi félagsráðgjafa við spítalann hafa starfað þar í 2 til 3 ár og tæplega 17 prósents í 4 til

9 ár. Þá hafa um 44 prósents starfað á spítalanum í 10 ár eða lengur. Alls starfa 50 félagsráðgjafar á spítalanum í 43 stöðugildum.

Nanna segir starfsmannaveltu á félagsráðgjöfum hafa minnkað umtalsvert undanfarna 12 mánuði og hún sé nú um 14,5 prósents, sem hún segir lægra en á öðrum deildum spítalans en svipað og hjá spítalanum í heild.

**Og þá er spítalinn ekki samkeppnishæfur um sérhæfða vinnuaflið.**

Nanna Briem, forstöðumaður geðþjónustu Landspítalans



Nú eru lausar fjórar stöður félagsráðgjafa við spítalann og segir Nanna að samkvæmt niðurstöðum mats sem lagt var fyrir starfsfólk spítalans hafi starfsánægja meðal stéttarinnar aukist um 0,34 stig á milli ára, „sem þýðir að starfsánægja hópsins sé nokkuð góð.“

Byrjunarlaun félagsráðgjafa við Landspítalann eru rúmar 520 þúsund krónur en Nanna segir að

sá þáttur sem mældist áberandi lægstur í umræddu mati sé laun, „og endurspeglar það viðhorf hópsins að hann er óánægður með launin á spítalanum,“ segir hún.

Nanna segir að með þjálfun og starfsreynslu sem félagsráðgjafar fái á Landspítalanum sé auðvelt fyrir þá að fá önnur störf. „Og þá er spítalinn ekki samkeppnishæfur um sérhæfða vinnuaflið,“ segir hún. – **bdj**



Það getur munað um sex þúsund fermetra. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

## Sex þúsund fermetra villa

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagsnefnd Hvalsvallar áréttaði í vikunni að prentvilla hafi verið í greinargerð um skóla- og íþróttasvæði.

Í greinargerðinni kom fram að stærð fjölnota íþróttahúss verði allt að 3.500 fermetrar. Rétt er að húsíð getur orðið allt að 9.500 fermetrar, eða sex þúsund fermetrum stærra.

Þess má geta að skrifstofubýgging fyrir Alþingi mun telja sex þúsund fermetra og glerið í Smáralind var um tvö þúsund fermetrar. Það var þrefalt þannig að það var yfirleitt sagt vera sex þúsund fermetrar. – **bb**

## Vilja útsýnispall upp á Bjólfinum

**SEYÐISFJÖRÐUR** Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings samþykkti á fundi gærdagsins að hefja hugmyndasamkeppni í samstarfi við Félag íslenskra landslagsarkitekta um útsýnispall við Bjölf.

Kostnaðurinn við hugmynda-samkeppnina greiðist af framkvæmdasjóði ferðamannastada og leggur sveitarfélagið fram vinnu við verkefnið.

Bjölfur, sem er 1.085 metrar að hæð, er við Seyðisfjörð en í sex hundruð metra hæð er að finna varnargarða sem hægt er að komast að á fjórhjóladrifnum bílum. – **kpt**

# Vísindaferð í Víkurfjöru styrkt

Leikur að læsi með kubbum, lagasmíðar, textagerð, vísindaferð í Víkurfjöru og efling læsis drengja út frá áhugasviði, eru meðal 42 verkefna sem fá styrk úr Sprotasjóði sem styður þróun og nýjungar í skólastarfi.

**SKÓLAMÁL** „Sumir strákar hafa áhuga á fótbolta eða handbolta en aðrir að þrjúna en áhugahvötin er kveikjan,“ segir Eyrún Halla Skúladóttir, skólastjóri Glerárskóla, en skólinn fékk næst hæsta styrkinn frá Sprotasjóði, 2,9 milljónir.

Sjóðurinn styður við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga.

Verkefni skólans, Strákar, lesur saman! – að efla læsi drengja út frá áhugahvöt þeirra, verður unnið með Naustaskóla, en Eyrún segir að skólarnir á Akureyri vinni vel saman.

Eyrún segir um að ræða framhald þróunarverkefnis frá í vetur sem heitir Læsi fyrir lífið.

„Við erum að útvíkka okkur aðeins og vinna út frá áhugahvöt nemenda. Leggjja áherslu á að nýta öll þau verkfæri sem upplýsingatæknin getur boðið upp á og stuðla þannig að auknu læsi hjá drengjum, og stúlkum auðvitað líka, en aðalpunkturinn er Strákar lesur saman en auðvitað nýtist þetta fyrir alla krakka.“ segir Eyrún.

Strandlinurannsókn nemenda í Víkurfjöru fékk 1,2 milljónir úr sjóðnum. Elín Einarsdóttir skólastjóri segir að allir nemendur muni taka þátt eins mikið og þeir geta.

Verkefnið gengur út á að rannsaka strandlínu- og fjörubreytingar í Víkurfjöru á næstu árum.

Nemendur í 5. til 10. bekk mæla upp sex snið í fjörunni, mæla kornastærðir á sandinum og taka myndir af formgerðunum í fjörunni.

Nemendur í 1. til 4. bekk munu síðan stunda sjálfstæðar rannsóknir á sandinum í Víkurfjöru, dýralífinu sem þar er að finna og rannsaka rusl sem skolast þar á land. „Ströndin hér er sérstök og



Í hverri vettvangsferð í Víkurfjöru verður kornastærð á sandinum greind og gps-mælingar gerðar. MYND/VÍKURSKÓLI



Gögnin úr Víkurfjöru nýtast í að meta hvort fjaran sé að hörfa eða byggjast út. MYND/VÍKURSKÓLI

## Skiptu 54 milljónum á 42 verkefni

Heildarupphæð styrkjanna er rúmlega 54 milljónir króna. Áherslur sjóðsins voru á lærdómssamfélög skóla og drengi og lestur. „Umsóknir í Sprotasjóð bera vitni um nýsköpun, samvinnu og grösku sem einkennir íslenska skóla.“

Þar er gríðarlegur metnaður og vilji til góðra verka sem mikil-

vægt er að styðja við,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðgjafi.

Alls bárust 66 umsóknir frá grunnskólastiginu, 10 umsóknir frá leikskólastiginu, 16 umsóknir frá framhaldsskólastiginu og 13 umsóknir þvert á skólastig. Akurskóli í Reykjanesbæ fékk hæsta styrkinn, eða þrjár milljónir.

skemmtileg og hún hefur lítið verið mæld,“ segir Elín.

Markmiðin með rannsóknarverkefninu eru að nemendur kynnist því hvernig sé staðið að vísindalegum rannsóknum og fái að taka þátt í þeim, svo sem mælingum, söfnun upplýsinga og úrvinnslu gagna, en slík reynsla mun vonandi nýtast þeim vel í framtíðinni.

Jóhannes Marteinn Jóhannesson, jarðfræðingur hjá Kötlu jarðvangi, stýrir verkefninu í samstarfi við Kolbrúna Hjörleifsdóttur verkefnastjóra Geo-skóla Víkurskóla.

Fyrir utan nemendurna munu flestallir starfsmenn skólans koma að verkefninu með einum eða öðrum hætti.

[benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is)

## ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF JEEP® GRAND CHEROKEE BREYTTIR OG ÓBREYTTIR

jeep.is



35" BREYTTUR

33" BREYTTUR

ÓBREYTTUR

**JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK – VERÐ FRÁ: 11.690.000 KR.**

- 3.0 V6 250 HÖ. DÍSEL, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- 570 NM TOG
- HÁTT OG LÁGT DRIF
- RAFDRIFIN LÆSING Í AFTURDRIFI

- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN AÐ FRAMAN OG AFTAN
- HLIFÐARPLÖTUR UNDIR VÉL, KÖSSUM OG SKIPTINGU
- BI-XENON LED FRAMLJÓS MEÐ ÞVOTTAKERFI
- RAFDRIFIN ÖPNUN Á AFTURHLERA


- ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLAST/EDAÐSTÖÐ
- FJARLÆGÐASKYNNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- BLINDHORNSVÖRN

ALLAR BREYTINGAR UNNAR AF BREYTINGARVERKSTÆÐI ÍSBAND


**ISBAND**

UMBODSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • ÖPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**



**STOLTUR  
STUÐNINGSADILI  
ALLRA SEM  
LESA BARA  
FYRIRSAGNIRNAR**





Munkinn sakaði ekki eftir dvölinni í hellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Var fastur inni í helli í fjóra daga

**TAÍLAND** Phra Ajarn Manas, 46 ára gömlum munki frá Tailandi, var bjargað í gær eftir að hafa verið lokaður inni í helli í fjóra daga. BBC greinir frá.

Manas fór inn í hellinn síðast-liðinn laugardag til að stunda hugleiðslu en daginn eftir gekk stormur með miklum rigningum yfir svæðið sem varð til þess að vatnsmagn í hellinum jókst og útgönguleiðin lokaðist.

Sautján björgunarsveitarmenn köfðu inn í hellinn þar sem þeir fundu Manas og komu honum út úr hellinum. Hann var við ágæta heilsu þrátt fyrir að hafa þurft að kafa tólf metra leið út úr hellinum og fékk hann aðhlynningu í sjúkrabil.

Málið minnir óneitanlega á það þegar tólf drengir og þjálfari þeirra lokuðust inni í helli í Tailandi í nýju daga árið 2018. – **bdj**



Slæmt veður olli árekstri 28 bíla í Dúbaí í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Þoka olli fjölda-árekstri í Dúbaí

**DÚBAÍ** Þoka sem lagðist yfir Dúbaí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum olli 28 bíla árekstri í gærmorgun. Ein manneskja slasaðist en búið var að vara við erfiðum veðurskilyrðum á Emirates veginum sem tengir Abú Dabí og Dúbaí.

Áreksturinn hófst með tveimur bílum en slæm veðurskilyrði gerðu það að verkum að næstu bílar sáu ekki áreksturinn í tæka tíð til að geta stansað. Yfirmaður umferðaröryggismála í Dúbaí, Saif Muhair Al Mazroui, greindi frá því að 28 bílar hefðu orðið fyrir skemmdum í árekstrinum og að ein kona væri slösuð en þó ekki alvarlega. – **kpt**

## Fjárveitingar á Filippseyjum



Íbúi í Manilla, höfuðborg Filippseyja, ljósmyndaður eftir að hafa þegið fjárstyrk frá ríkinu. Atvinnulausir íbúar Manilla eiga rétt á styrk upp á 1.000 filippseyska pesóa sem jafngilda um 2.600 íslenskum krónum. Strangar sóttvarnaaðgerðir standa yfir á Filippseyjum, en þar hafa 813 þúsund greinst með COVID-19. Mannréttindasamtök segja að lögreglan þar í landi beiti líkamlegu ofbeldi gegn sóttvarnabrotum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Rúmlega fjögur þúsund létust á einum degi

**BRASILÍA** Um 4.200 manns létust af völdum COVID-19 í Brasilíu á þriðjudaginn. Daglegur fjöldi látinna af völdum veirunnar færir enn í aukana og hafa nú að minnsta kosti 337 þúsund látist af völdum veirunnar þar í landi.



Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu.

Einungis í Bandaríkjunum er heildarfjöldi látinna hærrí. Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, segir að aðgerðir í landinu verði ekki hertar. „Það verður ekkert útgöngubann um land allt,“ sagði Bolsonaro. „Herinn okkar mun ekki fara á göturnar til að halda fólki heima hjá sér. Frelsið er ómetanlegt.“ – **atv**

# IKEA-húsgögn virðast flókin fyrir Íslendinga

Samkvæmt greiningu sýna Íslendingar mestu streituvíðbrögðin á samfélagsmiðlum við það að setja saman IKEA-húsgögn. Flestir gremjupóstar koma frá körlum. Þrátt fyrir þetta hefur IKEA vaxið hratt á Íslandi undanfarna áratugi.

**SAMFÉLAG** Að setja saman Billyhillu eða Ektorþ-sófa getur verið skemmtilegt þúslusplí fyrir suma en andleg þrekraun fyrir aðra.

Samkvæmt nýrri greiningu breska miðilsins Household Quotes eiga Íslendingar langerfiðast með að setja saman IKEA-húsgögn og láta pirring sinn í ljós á samfélagsmiðlum.

Greiningin var gerð með því að skoða orðalag streitu á samfélagsmiðlapóstum merktum IKEA í hverju landi. 64 prósent íslenskra pósta innihéldu orðalag sem bentu til streitu.

Í öðru sæti lentu Ísraelsmenn með 50 prósent en flestar þjóðir voru með á bilinu 20 til 30 prósent stress. Í Svíþjóð, heimalandi IKEA, mældist tæplega 38 prósent stress en lægst mældist það í Suður-Kóreu, aðeins tæplega 8 prósent.

Greiningin náði ekki til þeirra landa þar sem engin IKEA-búð er til staðar. Einnig voru Bandaríkin greind eftir fylkjum. Hafnaði Mississippi efst á stresskvarðanum með tæplega 49 prósent en Kansasbúar voru rólegastir með 24.

Karlar skrifa almennt mun meira um IKEA á samfélagsmiðlum en konur og því eru flestir gremjupóstar frá þeim. Er konur pósta um IKEA er stresshlutfallið hins vegar ögn hærra en karla, eða 2 prósentu-stig.

Sófar eru þau húsgögn sem fólk sýndi mestu stressviðbrögðin við að setja saman. Rétt rúmlega helmingur lét gremju sína í ljós á samfélagsmiðlum við að setja saman sófa.

Ekkí langt á eftir eru stórir stofuskápar, náttborð og vöggur. Auðveldara virðist að setja saman litla skápa, hægindastóla og skrifborð.



Að setja saman IKEA-húsgögn er misróandi fyrir fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Mikið stress kom fram við samsetningu sófa en minna við skrifborð.

Þrátt fyrir að Íslendingar sýni gremju sína heitast allra á samfélagsmiðlum má segja að þeir séu IKEA-sjúkir. Ísland var eitt af 10 fyrstu löndunum sem húsgagnarisinn opnaði verslun í, árið 1981 en þá sem litla deild innan Hagkaupa.

Fljótlega flutti IKEA í Hús verslunarinnar þar sem búðin var allt til ársins 1994 þegar opnað var í Holtagörðum í 9 þúsund fermetra rými.

Árið 2006 var núverandi húsnæði reist, tæplega 21 þúsund fermetrar að stærð, með tveimur veitingastöðum, bakaríi og matarbúð. Verslunin er í eigu félagsins Hofs sem rekur einnig IKEA-verslanir í Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Var hagnaður af íslensku versluninni 210 milljónir króna á síðasta ári.

kristinnhaukur@frettabladid.is

## Sjónmælingar eru okkar fag



Tímamantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

**Optical Studio**  
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK

# CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

Kynningardagar 8. - 14. apríl.

## 20% afsláttur

af öllum CLINIQUE vörum



Glæsilegur kaupauki frá CLINIQUE fylgir\* ef keyptar eru CLINIQUE vörur fyrir 7.900 kr. eða meira.

\*á meðan birgðir endast



Okkar vinsæla Moisture surge nú fánlegt endurbætt. Olíu-laust gel krem sem veitir djúpvirkan raka í allt að 100 klukkustundir, jafnvel eftir að þú hefur þvegið andlitið. Húðin verður fyllri með heilbrigðum ljóma.

**HAGKAUP**  
*Snyrtivara*

## MARKAÐURINN

## Reynir kaupir í Arion fyrir milljarð

Stofnandi Creditinfo bætist við hluthafahóp bankans eftir stóra sölu bandaríska sjóðsins Taconic um mánaðamót. Fjársterkir einstaklingar og eignarhaldsfélög, einkum í gegnum framvirka samninga hjá bönkunum, halda áfram að auka við hlut sinn í Arion.

Hörður

Ægisson

hordur@frettabladid.is



Reynir Grétarsson, stofnandi Creditinfo, er kominn í hóp um þrjátíu stærstu hluthafa Arion banka eftir að hafa keypt drjúgan skerf, eða sem nemur fyrir jafnvirði um milljarð króna, af þeim tæplega tíu prósentu eignarhlut sem vogunarsjóðurinn Taconic Capital seldi í bankanum undir lok síðasta mánaðar.

Eignarhaldsfélög og ýmsir fjársterkir einstaklingar keyptu meirihluta bréfanna af Taconic, einkum í gegnum framvirka samninga hjá bönkunum, samkvæmt uppfærdum lista yfir alla hluthafa Arion í gær, sem Markaðurinn hefur séð. Íslenskir lífeyrissjóðir, meðal annars LSR og Lífeyrissjóður verzlunarmanna, og verðbréfasjóðir bættu hins vegar við sig samanlagt um þriggja prósentu hlut.

Reynir heldur á um 0,5 prósentu hlut í gegnum félagið InfoCapital, sem þýðir að hann er á meðal stærri einkafjárfesta í bankanum.

Reynir, sem situr í stjórn fjárfæingisfélagsins SaltPay, áður Borgun, seldi um helminginn af 70 prósentu hlut sínum í Creditinfo í liðnum mánuði til bandaríska framtakssjóðsins Levine Leitchman Capital. Kaupverðið í þeim viðskiptum, eins og Markaðurinn hefur áður upplýst um, miðaðist við að fyrirtækið væri í heild sinni metið á um 20 til 30 milljarða og má því ætla að virði þess hlutar sem Reynir seldi sé allt að 10 milljarðar króna.

Taconic Capital, sem var um langt skeið stærsti hluthafi Arion banka með nærri fjórðungshlut, gekk frá sölu á síðustu bréfum sínum í bankanum – samtals 9,56 prósentu hlut – þann 29. mars síðastliðinn fyrir samtals tæplega 20 milljarða króna, en gengið í þeim viðskiptum var 120 krónur á hlut. Hlutabréfaverðið hefur hækkað nokkuð síðan þá og stóð í 126 krónum við lokun markaða í gær.



Hlutabréfaverð Arion banka hefur hækkað um liðlega 33 prósent frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Reynir Grétarsson, stofnandi Creditinfo.

# 218

milljarðar er markaðsvirði Arion banka í dag.

### Mikið í framvirkum samningum

Eignarhlutur sem bankarnir eru skráðir fyrir í Arion banka – Íslandsbanki, Kvika og Landsbankinn – hefur nærri tvöfaldast eftir sölu hjá Taconic og nemur nú samanlagt rétt rúmlega tíu prósentum, eða um 22 milljörðum króna að markaðsvirði. Langsamlega stærstur hluti þeirra bréfa er vegna framvirkra samninga sem bankarnir hafa gert við viðskiptavinum sína auk þess að skiptast á eignarhlutum og veltubók.

Sjóðir í stýringu Akta, sem áttu tæplega 0,8 prósentu hlut í Arion undir lok síðasta mánaðar, tvöföldu eignarhlut sinn í bankanum

og eiga núna rúmlega 1,6 prósentu hlut. Þá keypti fagfjárfestastjóðurinn Algildi fyrir jafnvirði um 500 milljóna króna en sjóðir í stýringu rekstrarfélaga, eins og Íslands-sjóðum, Landsbréfum og Kviku eignastýringu, bættu hins vegar minna við sig.

Tveir nýir erlendingar fjárfestar bættust við hluthafahóp Arion banka í

liðnum mánuði, samkvæmt hluthafalistanum sem Markaðurinn hefur séð. Það eru sjóðastýringarfélagin Quaero Capital, sem er með höfuðstöðvar í Sviss og með eignir í stýringu að fjárhæð um 2,6 milljörðum evra, og FundPartner Solutions en þau eiga hvort um sig liðlega 2 milljónir hluta að nafnvirði í Arion banka, eða sem jafngildir um 250 milljónum króna að markaðsvirði.

### Erlendingar fjárfestar horfnir

Eignarhlutur erlendra fjárfesta í Arion banka hefur hins vegar hriðfallið á undanföllum mánuðum og misserum, einkum vegna sölu Taconic og þar áður Sculptor Capital, en í ársbyrjun 2020 nam samanlagður hlutur þeirra í bankanum um 50 prósentum. Í dag eiga erlendingar fjárfestar hins vegar vel undir 5 prósentum. Á sama tíma hefur meðal annars eignarhlutur íslenskra lífeyrissjóða tvöfaldast

yfir sama tímabil en samanlagður hlutur þeirra – Gildi, Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og LSR eru þar langsamlega stærstir – stendur nú í um 45 prósentum.

Fjárfestingafélagið Stodir er eftir sem áður með tæplega fimm prósentu hlut í Arion banka og þá á félagið Hvalur, sem er stýrt af Kristjáni Loftssyni, rúmlega 2,1 prósentu hlut. Til viðbótar við Reyni eru aðrir stórir einkafjárfestar í hluthafahópi Arion – allir samt með nokkuð minna en eins prósentu hlut – meðal annars félagin Mótás, í eigu Bergþórs Jónssonar og Fritz Hendriks Berndsen, Bóksal, í eigu Boga Þórs Siguroddssonar og Lindu Bjarkar Ólafsdóttur, Eignarhaldsfélagið VGJ og Parabakkí, sem er í eigu Daniéls Helgasonar.

Hlutabréfaverð Arion hefur hækkað um liðlega 33 prósent frá áramótum og markaðsvirði bankans er nú um 218 milljarðar króna.

## Funda með fjárfestum vegna útboðs bankans

Fundur með innlendum fjárfestum vegna áformaðs hlutafjárútboðs og skráningar Íslandsbanka á markað munu hefjast í næstu viku. Þú er að bóða meðal annars lífeyrissjóði og sjóðastýringarfélag til fundar þar sem Birna Einarsdóttur, bankastjóri Íslandsbanka, og Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri bankans, ásamt ráðgjöfum munu halda frumkynningar fyrir fjárfesta á bankanum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Þetta er í fyrsta sinn sem slíkir fjárfestafundir eru haldnar eftir að Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, ákvað að hefja formlega söluméðferð á hlutum í Íslandsbanka í lok janúar, en markmið þeirra er meðal annars að fara yfir rekstur bankans, áætlanir stjórnenda og leitast eftir sjónarmiðum fjárfesta í aðdraganda hlutafjárútboðs.

Áformað er að selja á bilinu 25 til 35 prósentu hlut í bankanum í gegnum útboð og skráningu á markað um mitt þetta ár. Bókfært



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

eigið fé Íslandsbanka nam 185 milljörðum í árslok 2020.

Hollenski bankinn ABN Amro er stjórnendum Íslandsbanka til ráðgjafa við sölu. Bankasýslan, sem heldur utan um eignarhlut ríkisins í bankanum, réð hins vegar STJ Advisors sem sjálfstæðan fjármálaráðgjafa vegna hlutafjárútboðsins auk þess sem Citigroup, JP Morgan og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka voru ráðnir sem leiðandi umsjónaradilar og söluráðgjafar. – hae

## Gildi – lífeyrissjóður

### Rafrænn ársfundur 2021

Ársfundur Gildis verður haldinn fimmtudaginn 15. apríl klukkan 17:00. Vegna sóttvarnarráðstafana verður fundurinn að fullu rafrænn. Nánari upplýsingar á [www.gildi.is](http://www.gildi.is).

#### Dagskrá:

- Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
- Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

Vakin er athygli á að allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórn Gildis–lífeyrissjóðs.



Lífeyrissjóður

[www.gildi.is](http://www.gildi.is)



✓ Ástandsskoðun

✓ Fjármögnun á staðnum

✓ Mikið úrval

ALLT AÐ  
600.000 kr.  
AFSLÁTTUR!

# TILBOÐ

## Á NOTUÐUM BÍLUM

Kynntu þér  
úrvalið á  
tilboðsbílum  
[www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)



**KIA Rio LX**  
Nýskr. 04/16, ekinn 95 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 1.390.000 kr.

**TILBOÐ!**  
990.000 kr.

12.011 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**TOYOTA Yaris Live**  
Nýskr. 08/19, ekinn 49 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 2.190.000 kr.

**TILBOÐ!**  
1.890.000 kr.

22.600 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**RENAULT Megane IV Zen**  
Nýskr. 06/18, ekinn 34 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.890.000 kr.

**TILBOÐ!**  
2.390.000 kr.

28.483 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**FORD B-Max**  
Nýskr. 01/13, ekinn 79 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 1.190.000 kr.

**TILBOÐ!**  
890.000 kr.

10.834 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**RENAULT Clio Life**  
Nýskr. 06/17, ekinn 75 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.190.000 kr.

**TILBOÐ!**  
990.000 kr.

12.011 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**NISSAN Micra Tekna Bose**  
Nýskr. 11/17, ekinn 19 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 2.290.000 kr.

**TILBOÐ!**  
1.890.000 kr.

22.600 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**RENAULT Captur Zen**  
Nýskr. 02/18, ekinn 79 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.890.000 kr.

**TILBOÐ!**  
1.490.000 kr.

17.894 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**HYUNDAI i10 Comfort**  
Nýskr. 05/17, ekinn 63 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.390.000 kr.

**TILBOÐ!**  
1.090.000 kr.

13.187 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**BMW i3 Rex 94ah**  
Nýskr. 11/17, ekinn 66 þ.km,  
rafmagn/bensín, sjálfskiptur.  
Verð 3.490.000 kr.

**TILBOÐ!**  
2.890.000 kr.

34.367 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**DACIA Sandero**  
Nýskr. 03/18, ekinn 72 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.290.000 kr.

**TILBOÐ!**  
990.000 kr.

12.011 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**HYUNDAI i30 Classic**  
Nýskr. 03/19, ekinn 82 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 2.590.000 kr.

**TILBOÐ!**  
2.190.000 kr.

26.130 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**RENAULT Clio Zen Sport Tourer**  
Nýskr. 06/18, ekinn 35 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.390.000 kr.

**TILBOÐ!**  
1.990.000 kr.

23.777 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**NISSAN Pulsar Acenta**  
Nýskr. 03/18, ekinn 53 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 2.290.000 kr.

**TILBOÐ!**  
1.790.000 kr.

21.424 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**KIA Soul Luxury 27 kwh**  
Nýskr. 03/16, ekinn 60 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.  
Verð 2.390.000 kr.

**TILBOÐ!**  
1.890.000 kr.

22.600 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



**RENAULT Traffic 9 manna Lux**  
Nýskr. 05/19, ekinn 20 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 4.990.000 kr.

**TILBOÐ!**  
4.490.000 kr.

53.192 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*

Við erum í spjallfæri  
á [www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.  
Bílarir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

Opnunartímar:

Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18  
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bilaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík  
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - [bilaland@bilaland.is](mailto:bilaland@bilaland.is)

**bilaland**

[www.facebook.com/bilaland.is](http://www.facebook.com/bilaland.is)

**Lykill**

\*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á [lykill.is](http://lykill.is) og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni [lykill.is](http://lykill.is).  
Árlegur hlutfallstegur kostnaður bílálana frá [lykill.is](http://lykill.is) er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.



Skjaldbreiður er frægasta dyngja á Íslandi og sú næststærsta. Það var Sveinn Pálsson, læknir og náttúrufræðingur, sem gekk fyrstur manna svo vitað sé á fjallið sumarið 1792. MYND/ÓMB

# Bungubreiður Ógna-skjöldur

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Á Íslandi er fjöldi dyngja sem myndast hafa í hægara flæðigosum þar sem lítt sprengivirk og þunnfljótandi 1.000-1.200 gráðu heit kvika streymir upp um miðlægt gosop. Dyngjur eru fagurlega formaðar og líkjast skildi á hvolfi þar sem halli jarðlaga er oftast í kringum 6-8 gráður. Stærst íslenskra dyngja er Trölladyngja í Ódáðahrauni en Skjaldbreiður (1.060 m) upp af Þingvallavatni er lítið minni. Bæðir þessir eldskildir eru hálfgerð þeð í samanburði við stærstu dyngjur jarðar á Hawaiieyjum sem teygja sig í allt að 4 kílómetra hæð yfir sjávarmál, eða Olympusfjall á Mars sem er stærsta dyngja og eldfjall sólkerfis okkar, 25 kílómetra há og 600 kílómetra breið.

Skjaldbreiður er talinn um 9.000 ára gamall og myndast sennilega í einu gosi sem gæti hafa staðið í 50-100 ár. Hann hefur veitt óteljandi listmálurum okkar og skáldum innblástur, enda staðsetningin norðvestur af Þingvallavatni einstök. Þegar skáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson var þarna á ferð 1841 orti hann kvæði sem hann nefndi Fjallið Skjaldbreið, sem líkt og málverk Ásgríms Jónssonar og Kjarvals hafa gert fjallið ódauðlegt.

*Fanna skautar faldi háum,  
fjallið, allra hæða val;  
hrauna veitir bárum bláum  
breiðan fram um heiðardal.  
Löngu hefur Logi reiður  
lokið steypu þessa við.  
Ógna-skjöldur bungubreiður  
ber með söma rjettnefnið.*

Ganga á Skjaldbreið telst ekki tæknilega erfið en endalausar hraunbreiður geta tekið á, ekki síst andlega. Þess vegna er tilvalið að sigra þennan bungubreiða skjöld í vorsnjó á ferðaskiðum. Algengasta gönguleiðin er um 10 kílómetrar báðar leiðir og liggur beint í suður frá gíghólum Hrauk (605 m), en komast má að honum af Skjaldbreiðarvegi (F338), línuvegi sem tengir Uxahryggjarleið og Haukadalsheiði. Vetur og vor er línuvegurinn lokaður og þá má komast á snjó við upphaf línuvegarins vestan megin. Efst á Skjaldbreið er gaman að berja 300 metra breiðan gíginn augum en stórkostlegast er útsýnið yfir að Þórisjökli, Hlöðufelli, Oki, Botnssúlum og Þingvallavatni. Þarna geta allir tekið undir með Jónasi Hallgrímssyni sem í áður nefndu kvæði kallaði Skjaldbreið með réttu „allra hæða val“.



**Fókus  
á hjarta  
landsins**



Skjaldbreiður, vatnslitamynd frá 1922 eftir Ásgrím Jónsson í eigu Listasafns Íslands, birt með leyfi safnsins.



Hópur ferðaskiðafólks kastar mæðinni við toppgíg Skjaldbreiðs. Hlöðufell í fjarska. MYND/ÓMB



# DAGBÓK URRIÐA



Í KVÖLD

## Dagbók Urriða

Ólafur Tómas Guðbjartsson fluguveiðimaður ferðast um landið okkar og leiðir áhorfendur um töfraheim silungsveiðinnar. Hann heimsækir fjölmörg ólík veiðisvæði og snertir á öllum grunnatriðum fluguveiðinnar ásamt flóknari hugrenningum ss. um klak skordýra og ýmislegt annað sem viðkemur veiðinni sjálfri.

 +  = **7.990 kr./mán.**  
Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

Tryggðu þér áskrift í dag á [stod2.is](http://stod2.is)

## Að falla á tíma



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is

**D**ag hvern þylja fréttastofur víða um heim upp COVID-tölur dagsins og í þær er rýnt af stakri nákvæmni af alls kyns sérfræðingum. Aðrar fréttir falla að mestu í skuggann, meira að segja fréttir sem eiga afar brýnt erindi við allt mannkyn. Þannig hefur baráttunni gegn loftslagsbreytingum verið ýtt til hliðar. Henni er víst ætlað að bíða enn um sinn. Flestum ætti þó að vera ljóst að þjóðir heims hafa ekki efni á að sýna viðbragðs- og skeytingarleysi í loftslagsmálum. Þar er mannkynið að falla á tíma.

Ein og ein frétt birtist vissulega um loftslagsvána, en ekki fyrr en búíð er að fara vel og vandlega yfir COVID-ástandið. Fyrir ekki löngu síðan birtist frétt á BBC um að hið gríðarlega magn af andlitsgrímum sem notaðar eru um allan heim sé alvarlegt bakslag í baráttunni gegn mengun. Þessi frétt var endurflutt nokkrum sinnum af áhyggjufullum fréttapul en hvarf svo því nýrri og „mikilvægari“ fréttir þurftu að komast að. Svipuð örlög hlaut hrollvekjandi frétt um skelfilega skógareyðingu víða um heim, bæði skóga sem menn ryðja af fullkomnu miskunnarleysi og skóga sem eyðast af völdum loftslagsbreytinga. Frétt um að sjö milljónir manns, að minnsta kosti, deyi árlega vegna loftmengunar er ógnvænleg en týnist innan um tölur um dauðsföll vegna COVID. Skelfilega dapurlegar eru einnig fréttir um hrun í fjölbreytni lífríkisins. Ekki er þó talið mögulegt að bregðast snöfurmannalega við þessum illu tíðindum. COVID skyggir á allt annað, meira að segja hræðilegar fréttir eins og þessar.


Loftslagsbreytingar eru að kalla hörmungar yfir mannkynið. Æ erfiðara verður að snúa þeirri þróun við. Hugsanlega er það einfaldlega orðið of seint og þar getur mannkynið engum um kennt nema sjálfu sér. Það er þó enn mögulegt að draga úr þessari þróun og minnka skaðann, en það er kapphlaup við tímann. Þegar markmiðin eru síðan sett við ár sem eru óra-fjarri, eins og 2050 og 2070, þá er auðvelt að fyllast vonleysi og hugsa sem svo að baráttan sé töpuð.

Allir einstaklingar hljóta að þekkja það að hafa einhvern tímamót staðið frammi fyrir vandamáli og óskað þess að það myndi hreinlega hverfa. Óskhyggjan sem lædist inn í heilabúíð er: „Þetta er óþægilegt mál sem ég vil ekki taka á. Ef ég læt eins og það sé ekki til þá hverfur það kannski.“ Hin núturlega staðreynd er sú að ef þessi leið er farin þá vefur vandamálið upp á sig og belgist út. Réttu leiðin var aldrei að hlaupa í felur. Það sama á við í umhverfismálum, það að fresta því að taka á vandanum er ávisun á enn frekari hörmungar- og eru þær þó nægar fyrir.

Mannkynið hefur lagt umhverfið undir sig í þeirri trú að það sé drottari jarðarinnar og náttúran sé þögul og auðsveip og það geti gert við hana það sem því sýnist. Náttúran ætlar ekki að taka þeim átroðningi þegjandi og sýnir ofsafengin viðbrögð. Hún andmælir og berst af krafti í miðri eyðingu. Þótt ekki væri nema sjálfis sín vegna ætti mannkynið að taka mark á þeim viðbrögðum.

**Náttúran ætlar ekki að taka þeim átroðningi þegjandi og sýnir ofsafengin viðbrögð.**

## Halldór



## Frá degi til dags

**Logandi þinghelgi**  
Twitter-viðbrögð fólks við ferð vinstri grænu og jarðfræðimennuðu þingsetanna Ara Trausta Guðmundssonar og Steingríms J. Sigfússonar á gosstöðvarnar í fyrradag sýndu að með henni komu þeir við kvikuna í mörgum. Sóley Tómasdóttir bar í tisti vísindafærð þingmannanna saman við innlit ráðherra á meinta sölusýningu. Óskar Steinn Ómarsson velti því upp hvort 40 ára gamlar BA-gráður í jarðfræði dygðu til þess að skilja hafrana frá sauðunum og Stjórnun-Sævar sagði fullkomlega óþolandi að svæðið væri lokað sumum en ekki öðrum.

**Að gefnu tilefni**  
Ari Trausti greip til varna á Facebook enda hefði sim-skeytastill Twitter með sin 280 slög hrokkið skammt þar sem varnarfærslan „Af gefnu tilefni“ lagði sig á 1.790 slög með bilum en þar þótti honum fljótfærnin grassera auk þess sem skilningur fólks á störfum hans gengur víst stundum fram af honum. „Í vísindaskyni“ þurfi ekki eingöngu að tákna mælingar og beinar rannsóknir og hann hafi verið að afla gagna fyrir bók sem er í vinnslu og að skoða „vettvanginn með augum vísindamannsins“ til þess að geta fylgt eftir þingsályktun. Svo rétt aðeins sé tæpt á fjölmörgum erindum Ara Trausta við Fagradalsfjall. [toti@frettabladid.is](mailto:toti@frettabladid.is)

## Ákvarðanir stýrist af farþegum, ekki öfugt



Ragnhildur Alda M. Vilhjálmsson  
varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

**Á**hugasamir hafa eflaust ekki farið varhluta af deilunum um Borgarlínu og Lite-BRT útgáfuna sem nefnd hefur verið Léttlína. Í hnotskurn snýst munurinn um sérakreinar eða forgangsakreinar og fjölda stoppa. Borgarlínan (Full Service BRT) setur lágmarksferðatíma í forgang með því að hafa langt á milli stoppa eftir langri leið sérakreina. Léttlína setur áhersluna á háa ferðatíðni með blöndu af sér- og forgangsakreinum og snjallljósastýringu til að stytta ferðatíma og fleiri vögnum með stutt á milli stoppa á útbreiddara leiðaneti. En markmiðið er það sama: bæta þjónustu almenningssamgangna og fjölga farþegum, bráðnaðsýnlegt verkefni, þó veðmálið sé ólíkt.

Þeir sem veðja á Borgarlínu veðja líka á að ferðatím-inn skipti tilvonandi farþega mestu máli, þeir sem veðja á Léttlínu veðja á að aðgengi (fjöldi stoppa) og tíðni skipti mestu máli. Í borgum þar sem báðar útgáfurnar má finna hafa rannsóknir sýnt að farþegar telja þetta jafngóða kosti en að ferðatíðnin skipti farþega mestu máli og næst fjöldi stoppa, þó stuttur ferðatími sé líka mikilvægur. Nýleg rannsókn á forspárnákvæmi BRT verkefna í Bandaríkjunum sýndi að þó kostnaðarspár reyndust sémilega nákvæmar, þjáðust notkunarspár af mikilli bjartsýnisskekkju. Önnur rannsókn sýndi að notkun BRT í borgum í Norður-Ameríku af sambærilegri stærð og höfuðborgarsvæðið, var einungis um 2-5% en flakkaði frá 2-17% þegar þjónustusvæðið náði rúmlega tveimur milljónum manna. Sú borg sem sýndi besta árangurinn miðað við höfðatölu hafði brugðið af sporinu með því að hafa ekki meira en 400 metra milli stoppa, þá á kostnað ferðatímans, ólíkt hefðbundnum BRT leiðarkerfum og Borgarlínu.

Fyrir vikið er erfitt að slá Léttlínu út af borðinu enda tekur það 3-4 sinnum styttri tíma og minna fé að byggja og reka Léttlínu en Borgarlínu þó hún skili sama árangri fyrir upplifun farþega. En ljóst er að árangur þessa verkefnis mun ráðast af því hvort markmiðið sé að hugur farþega stýri ákvarðanatökunni eða að ákvarðanatökan byggji á því að stýra hugum farþega.



**Í hnotskurn snýst munurinn um sérakreinar eða forgangsakreinar og fjölda stoppa.**

FRÉTTABLAÐIÐ

88,4%

af lesendum dagblaða\*  
á höfuðborgarsvæðinu  
á aldursbilinu 18–49 ára  
lesa Fréttablaðið daglega.

\*Fréttablaðið og Morgunblaðið.  
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup okt. - des 2020

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 8. apríl 2021



Fólk nýtur útvistar í vetrarfötum.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Snjóléttur vetur

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var veturinn 2020-2021 tiltölulega hlýr og þurr, og var óvenju snjólétt, sérstaklega suðvestanlands. Meðalhitinn í Reykjavík var tæplega einni gráðu hærri en meðalhiti sömu mánaða síðustu þriggja áratuga.

Alhvítir dagar þessa fjóra mánuði í Reykjavík voru ekki nema níu sem er 38 dögum færra en meðaltalið frá 1991-2020. Það er því ekki að undra að margir hafi velt því fyrir sér hvort veturinn hafi hreinlega gleymt að mæta á suðvesturhorn landsins að þessu sinni. Fólk fylltist jafnvel bjartsýni og setti vetrarfötin í geymslu og dró fram léttari yfirhafnir því verið var mætt óvenju snemma.

### Þáskahretið mætt

En þáskahretið er mætt, síðustu daga hefur snjóað í borginni og því skynsamlegt að draga aftur fram vetrarfötin og njóta þessara síðustu daga vetrar en þeim er spáð köldum þessa vikuna um allt land.

Þrátt fyrir að sumardagurinn fyrsti komi eftir tvær vikur er líklegt að það sé ögn lengra í sumarið. Það er að segja, daga þar sem dugar að ganga um í léttum sumarfötum. Það getur verið freistandi að pakka vetrarúlpunni niður og skipta henni út fyrir léttan jakka þegar komið er fram í apríl. En það er um að gera, úr því að snjórinn og frostið hafa heilsað höfuðborgar-búum, að gera það besta úr því og njóta síðustu daga vetrarins og birtunnar frá snjónum í hlýjum vetrarfátum. Sumarið kemur vonandi áður en langt um líður.

sandragudrun@frettabladid.is

lifestream  
POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS  
**ALOE VERA**  
HREINN SAFI  
30 DAGA SKAMMTUR  
BIOGENIC ALOE VERA  
Soothing Digestive Tonic  
100% PURE ALOE VERA  
www.lifestream.is

NTC.is  
Yfir 100 vinsæl merki í fatnaði og skóm á einum stað  
Fri heimsending á öllum pöntunum yfir 10.000kr  
Njóttu þess að versla heima



Freyja Eilíf Draumland, myndlistar- og spákona, býður fylgjendum sínum á Instagram upp á ókeypis spádóma í næstum því beinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Listamenn eru í raun spámenn

Freyja Eilíf Draumland hefur starfað sem myndlistarkona undanfarin ár en hún stofnaði Skynlistasafnið árið 2019. Freyja Eilíf hefur sótt námskeið í heilun og skyggni og á Skynlistasafninu blandar hún samtímalistsköpun saman við yfirnáttúrulegar athafnir. **2**



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Þessa dagana býður Freyja Eilíf upp á gefins spádómslestra í raf-rænni útsendingu frá Skynlistasafninu. Þetta verður næstum bein útsending, með einnar mínútu tóf svo hægt verði að birta spádómana með enskum texta.

„Ég bið fólk að leggja inn spurningu í gegnum skilaboð og gef því svo á móti númerið sem það er í röðinni en mér reiknast til að ég geti tekið 15 lestra á viku. Þannig passa ég líka upp á nafnleyni í sjálfum lestrinum, þótt hann sé birtur opinberlega ásamt spurningunni, því ég númera lestrana í birtingu. Myndskeiðin af spádómslestrunum eru 24 klukkustundir í myndskeiðasöggunni á síðunni minni og svo vista ég þau líka, svo að hægt sé að skoða alla lestrana frá upphafi í skipulögðum og númeruðum dálkum. Ég hef beðið fólk um að deila plakati frá mér á móti sem auglýsir spádómslestrana, svo ég sé ekki einungis að lesa fyrir fólk sem ég þekki. Það virðist virka vel, því það takmarkar líka eftirspurnina

**Freyja hefur átt tarospil í mörg ár. Hún uppgötvaði snemma að hún skynjaði heiminn á óhefðbundinn hátt.**

og heldur þessu innan einhverra marka,“ útskýrir Freyja Eilíf.

Freyja segist hafa verið að spá fyrir fólki bak við luktur dyr í dálitinn tíma en þetta er í fyrsta sinn sem hún dregur gluggatjöldin frá á þennan hátt.

„Það er ákveðin yfirlýsing hjá mér að framkvæma þetta svona. Það hefur verið gert lítið úr skyggni sem kerlingarhjálfari yfir kaffibolla og hlegið að hvers kyns næmi sem nær út fyrir líkamlegar þarfir. Andinn eða hugurinn hefur verið skilinn út undan í sögu okkar sem einkennist af því að líkamlegur þrældómur og andleg viðvera öðrum til þjónustu sé hin æðsta dyggð. Við höfum reynslu af samfélagi sem einskorðast við líkamlegt strit og við búum í slíku samfélagi. Það þarf ekki annað en að lita í kringum sig til að sjá hversu miklu er ábótavant. Bara á mínu lífskeiði höfum við tekið stór þroskaskref sem tilfinningaverur og það er ekki seinna vænna að bæta vitundinni inn í það mengi. Ef við styrkjum okkar innri náttúru, setjum mark vitundarinnar hærra og byggjum brú milli andans og líkamans, þá trúi ég að samfélagið okkar muni breytast til hins betra,“ segir Freyja Eilíf.

„Ég vil leggja mitt á vogarskálarnar í því ferli og ég geri það með mínum verkfærum sem eru þessi. Þetta er mitt framlag til samfélags á furðulegum umbreytingatímum. Mig langar að veita innsýn í það hvernig má sækja sér aukinn kraft og skýrari meðvitund og á sama tíma hljóta uppreist æru sem yfirnáttúruleg vera. Spádómslestrarnir verða svo heimild sinnar tegundar um meðvitund okkar sem verur, í jarðlíkama sem rennur út á tíma. Til gagns, en líka til gamans. Mig grunar að einn daginn muni það þykja mjög furðulegt, að það hafi verið sérstaklega tekið fram að sumt fólk væri andlegt. Eins og það væri sérstaklega tekið fram að maður sé líkamlegur, eins og það sé ekki augljóst að við séum holdi klædd.“

#### Yfirnáttúruleg list

Freyja lærði myndlist í Listaháskóla Íslands og hefur starfað sem myndlistarkona undanfarin ár. Auk þessu hefur hún sótt námskeið í heilun og skyggni í Reykjavík, verið meðlimur í seiðkonuhring í Kaliforníu og var í árslangri starfsþjálfun hjá amerískum sjaman árið 2019. Á Skynlistasafninu sem Freyja stofnaði árið 2019 vefur hún samtímalistsköpun saman við yfirnáttúrulegar athafnir á listrænum forsendum.

„Skynlistasafnið inniheldur sýningarsal þar sem settar hafa verið upp samsýningar á völdum



Freyja Eilíf vill sameina myndlistina og yfirskilvitlegt næmi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verkum listamanna, sem og athafna- og vinnustofurými fyrir sjálfa mig, en þar tek ég líka á móti fólki sem vill sækja sér yfirskilvitlega þjónustu. Ég er annars vegar myndlistarkona sem vinnur verk út frá yfirskilvitlegum leiðum og hins vegar milligöngumaður andlegrar þjónustu sem er framkvæmd á listrænan hátt en svo hef ég líka verið að miðla verkum annarra listamanna með því að reka sýningarrými á þessum stað í Þingholtið um núna í sex ár, en það hét áður Ekkisens.“

Aðspurð að því hvort spádómar tengist myndlistinni segir Freyja Eilíf að uppruna myndlistar megi rekja til handverks og myndlýsingar sagnfræðilegra spádóma og trúarathafna.

„Myndlistin vex svo úr þeim farvegi og verður spádómur í eðli sínu sjálf, samferða hugmyndaþróun okkar manna og veröldinni eða á fremsta oddi hennar. Þannig verða listamenn spámenn að mínu mati, á ófyrirsjáanlegan hátt, hvort sem þeir ætla sér það eða ekki, hvort sem þeir eru frumkvöðlar eða innblásnir fylgjendur annarra listamanna,“ útskýrir hún.

„Stundum er sagt er að samtímalist sé leiðandi afl en hún er líka fylgjandi afl, myndrænn hugmyndaheimur sem við speglum okkur í og hefur áhrif á okkur með samtali okkar við lífið. Þannig endurspeglar samtímalist hvert samfélag fyrir sig, meðvitund þess og sögu. Þessu má líka lýsa sem blæbrigðum og tiskustraumum og þeir listamenn sem listasagan er skrifuð eftir, hafa allir á einhverjum tímupunkti unnið á móti meginstraumum. Svo breytast straumarnir og hugmyndaheimur þeirra sem starfa utan við almenna sköpun fær útbreiðslu og listræna senan fylgir og verður á endanum hluti sögunnar.“

Núna hefur í þó nokkurn tíma verið ákveðið tabú innan akademíunnar og æðri liststofnana að blanda þessu saman, yfirskilvitlegu næmi og listsköpun. Það endurspeglar samfélagslega hætti okkar sem eru hannaðir að mestu leyti utan um jarðneskar þarfir, þessa gjá sem ríkir milli þess jarðneska og andlega og þeirri kúgun sem henni fylgir á minnihlutahópum.“

#### Búum öll yfir næmi

Freyja Eilíf segist vilja sameina þetta tvennt í sinni listsköpun af persónulegum ástæðum en einnig af því hún segir að það sé í grunninn þjóðernishygga sem og kúgun á minnihlutahópum sem veldur því að næmi og yfirskilvitleiki eru forboðin í samfélaginu.

„Ég vil vinna gegn því en ekki með því. Það er ekkert langt síðan fólk var brennt á báli eða smánað fyrir kunnáttu sem valdefldi það og þjóðflokkum útrýmt sem og bannað að iðka andlega vinnu sína og helgisíði, en það síðarnefnda er enn þá í gangi víða. Þó að hér á landi hafi mestmegnis karlmenn verið aflifaðir fyrir fjölkynngi, þá var það nýlendumiðuð og kristin herferð gagnvart okkar upprunalegu menningu, útrýmingarhyggja. Í þessari menningarlegu yfirtöku má segja að einstaklingar hafi verið sviptir sínu andlega valdi, yfirráðum yfir eigin vitund og þar af leiðandi fjarlægst sitt eigið næmi. Listnám og listsköpun er eitt af því sem veitir einstaklingum færi á að skapa tengingu við sitt andlega umráð og mér finnst steinleggja að vinna gagnert með þessa tvo þætti saman í minni vinnu,“ segir hún.

Aðspurð að því hvort hún hafi fæðst með spádómsgáfu segir Freyja Eilíf að hún hafi fæðst með orku sem var opin á óhefðbundinn hátt.

„Þegar ég var yngri fékk ég þó bara myndir af framtíðinni í gegnum kosmíska brandara, til dæmis: „Við næsta götuhorn liggur bananahýði á gangstéttinni.“ Það tók mig tíma að komast á á þann stað að ég gæti miðlað einhverjum upplýsingum til annarra og sá lærdómur fólst í tilfinningalegum og félagslegum þroska, skilningi á mörkum mínum og annarra sem og tjáningu á töluðu máli. Ég er auðvitað enn þá að læra þetta, eins og allt annað í þessu lífi,“ segir Freyja Eilíf og bætir við að lokum:

„Annars held ég að við mennirnir búum allir yfir einhvers konar næmi og það sé okkur eðlislægt, það hafi bara orðið hornreka í þessari samfélagsgerð sem við höfum hannað. Síðan erum við auðvitað misjöfn og hver og einn þarf að læra að finna og þekkja sitt eigið næmi. En það leggja það auðvitað ekki allir fyrir sig.“

NÝ SENDING

**TISKAN**

BRAX BASLER MaxMara

Skipholti 21 | Sími 551 0770



Ný sending  
**BITTE KAI  
RAND**  
1 9 8 1



*hjá*  
**Hjáhrafnhildi**

# Töffaralegur og afslappaður stíll Línu Birgittu

**Lína Birgitta Sigurðardóttir hefur vakið mikla athygli fyrir fallegan og smekklegan klæðaburð sinn og er vinsæl í hlutverki sínu sem áhrifavaldur.**

Lína er þrítug að aldri, lærður föröunarfræðingur, stílisti og einkabjálfi og kann vel að flétta þessum fræðum saman með góðri útkomu. Útgeislun hennar smitar frá sér og hún kann svo sannarlega að laða að sér fólk með sinni fallegu framkomu. Einnig rekur hún sitt eigið fyrirtæki og nýtur sín á þeim vettvangi.

## Skósjúk eins og amma var

„Ég vinn við samfélagsmiðla og rek eigið fyrirtæki. Ég er að hanna og selja æfingafatnað og hversdagsfatnað undir vörumerkinu Define The Line Sport. Ég er einnig að læra viðskiptafræði með áherslu á markaðsmál og samfélagsmiðla.“ Listrænir hæfileikar Línu Birgittu skína í gegnum hönnun hennar og koma sér vel í öllu því sem hún tekur sér fyrir hendur, meðal annars í vinnu hennar við samfélagsmiðla. Lína Birgitta spáir mikið í allt sem tengist tisku á einn eða annan hátt.

„Mitt helsta áhugamál er að ferðast og allt sem tengist tisku. Ég hef lengi haft áhuga á fötum, skóm og fylgihlutum en ætli mitt helsta áhugamál í þeim efnum séu ekki skór í dag. Það má segja að ég sé skó-sjúk eins og amma mín var.“

## Vill ekki sjá þröng föt í dag

Lína segist ávallt hafa haft skoðun á því hvernig fötum hún vilji klæðast. „Það má segja að ég hafi alltaf haft skoðun á þeim fötum sem ég hef viljað vera í. En það hefur mikil breyting átt sér stað á fatavali mínu á skömmum tíma. Ég vil ekki sjá þröng föt í dag!“

*Hvernig myndir þú lýsa fatastíl þínum?*

„Afslappaður, þægilegur og töff. Mér finnst mjög mikilvægt að klæðast því sem manni finnst þægilegt og filar sig í, annars ber maður sig illa.“

Lína Birgitta elskar að vera í viðú að ofan og þrengra að neðan.

„Ég elska „halter-neck“ snið á bolum og skyrtum, það fer mér extra vel.“

## Dolfallinn aðdáandi Louis Vuitton og Victoriu Beckham

Þegar Lína Birgitta er spurð hvort hún eigi sína uppáhalds flik í dag stendur ekki á svari.

„Í augnablikinu er það nýjasta peysan frá Define The Line Sport.“



Sjöfn Þórðardóttir  
sjofn@  
torg.is

**Lína Birgitta filar sig vel í viðú að ofan og þröngu að neðan. Hér í viðri, þægilegri peysu sem nýtur sín vel við þröngar buxur. Hún er hrifin af hvers kyns höfuðbúnaði og barðahatturinn klæðir hana vel. Fjær sést hvað töffaralegur og afslappaður ípróttastíll klæðir Línu Birgittu vel. Hún klæðist kósi fötum, hvítum striga-skóm og með derhúfu sem toppar útlitið.**

MYNDIR/STEFÁN JOHN TURNER



Hún er bæði kósi og mjög töff. Síðan eru það sneakers-skórnir mínir frá Alexander McQueen og Dolce&Gabbana, þeir eru geggjafir við allt.“

*Áttu þinn uppáhalds hönnuð?*

„Ég er dolfallinn Louis Vuitton aðdáandi og lít mikið upp til Victoriu Beckham.“

Þau tiskuvörumerki sem heilla Línu Birgittu mest eru Louis Vuitton, Alexander McQueen og Balenciaga.

## Heillast mest af hvítum striga-skóm með þykkum botni

*Þegar kemur að litavali, fylgir þú tiskustrámunum hverju sinni eða áttu þér þína uppáhalds liti sem þér finnst klæða þig best?*

„Ég er mjög beisik þegar kemur að litavali. Ég elska svartan, gráan, hvítan og brúnan. Þessir litir eru alltaf beisik og maður getur poppað þá upp með áberandi fylgihlutum í lit.“

*Hvernig myndir þú lýsa skótisk-unnni sem þú heillast helst af?*

**Á skömmum tíma hefur mikil breyting átt sér stað á fatavali mínu. Ég vil ekki sjá þröng föt í dag!**

„Hvítir strigaskór með þykkum/grófum botni. Ég fæ ekki nóg af þeim.“

Þeir fylgihlutir sem Lína Birgitta finnst vera ómissandi í dag eru fallegt veski, góður trefill og sólgleraugu. Hún er dugleg að poppa klæðnað sinn upp og klára heildarútlitið með þessum fylgihlutum og sólgleraugum gera mikið og setja punktinn yfir i-ið.

Þegar kemur að því að klæða sig finnst Línu Birgittu mikilvægt að hafa það í huga að það eru engar reglur.

„Ef þig langar að klæðast einhverju, gerðu það!“

Lína Birgitta vill að sér liði vel í fatnaðinum og að hann þrenge ekki að en um leið sé hann smart. Hún er hrifin af fylgihlutum og hér toppa fylgihlutir heildarútlitið, sólgleraugun og veskið frá Louis Vuitton setja punktinn yfir i-ið.



**SEB**

Kría silfurhálsmen  
PRAKT Laugavegi 82 101 Reykjavík  
www.seb.is www.prakt.is



Gallabuxur og strigaskór koma sterkt inn hjá Línu Birgittu og viðar opnar kápur undirstrika frelsið.



V-hálsmál gerir mikið fyrir stílinn og hálsmenið nýtur sín vel. Kasmirbrún kápan á vel við ljósa og dökka liti.





**ZHENZI Lens shiffon kjóll**  
Fæst líka í bleiku  
Stærðir 42-56  
Verð kr. 10.990



**ZHENZI Uruk ermalaus gallakjóll**  
Stærðir 42-56  
Verð kr. 14.990




**ZHENZI Lods pífukjóll/tunika**  
Fæst líka í svörtu  
Stærðir 42-58  
Verð kr. 9.990



**ZHENZI Erie mynstruð tunika**  
Fæst líka í bláu og bleiku  
Stærðir 42-56  
Verð kr. 7.990



**YestA Yokia stuttermabulur**  
Fæst í fleiri litum  
Stærðir 44-60  
Verð kr. 7.980



**IVY BEAU gallajakki**  
Stærðir 36-44  
Verð kr. 12.980



**ES&SY by Yest Sanneke kjóll**  
Stærðir 36-46  
Verð kr. 9.980




**STUDIO Emilie síð skyrtu**  
Stærðir 40-56  
Verð kr. 15.980



**STUDIO Jette kjóll**  
Stærðir 40-56  
Verð kr. 13.980



**STUDIO Jette blússa**  
Stærðir 40-56  
Verð kr. 9.980



**FRANSEN léttur sumarjakki**  
Fæst líka í bláu  
Stærðir 38-54  
Verð kr. 32.980



**FRANSEN Léttúnúlpá**  
Fæst í fleiri litum  
Stærðir 38-54  
Verð kr. 23.980



**NAVIGAZIONE vatterað vesti**  
Fæst líka í Dökkbláu  
Stærðir 42-56  
Verð kr. 11.980



**LASESSOR Moomin silkiklútur**  
Fæst líka í bleiku og ljósbláu  
Verð kr. 6.990



**Hliðartaska með tveimur ólum**  
Fæst í fleiri litum  
Verð kr. 6.990



**TAMARIS Skór**  
Stærðir 37-42  
Verð kr. 14.990



**LASESSOR Grid silkiklútur**  
Fæst líka í svart/hvítu, bleiku og grænu  
Verð kr. 6.990

# Tíska ævintýri líkust

Það hefur ekki farið framhjá neinum að faraldur hefur skekið heimsbyggðina alla og neytt fólk úr öllum stéttum samfélagsins heim í einangrun, sóttkvi og jogginggalla.

johannamaria@frettabladid.is

Tískan undanfarna mánuði hefur litast af þessum aðstæðum og tiskupallarnir endurspeglad yfirlýsta ást mannkynsins alls á mjúkum víðum buxum,

hettupeysum og hlýlegum mún-deringum.

**Okkur þyrstir í eitthvað fallegt**  
En eitt er víst að eftir mánaðalanga heimasetu er marga tiskuklóna farið að þyrsta í eitthvað fallegt og flæðandi, eitthvað úr hrynjandi silki, með rómantískri blúndu og tjulli, eitthvað ævintýralega guðdómlegt og vel sniðið.

**Djúpt í ævintýraskóginum**  
Þar kemur vor- og sumartískan til bjargar enda hafa fjölmörg tísku-

merki orðið vör við þessa þörf fólks, að lifga upp á hversdaginn, klæða sig upp og taka vel á móti grísku gyðjunni innra með sér. Tiskusýningin hjá Fendi í Kína í mars fyrir vor/sumar 2021 var til dæmis ævintýri líkust og fyrir-ætunarnar svifu um pallana eins og hábornir álfar úr ævintýraskógi. Aðrir leiddu áhorfendur dýpra inn í dimman ævintýraskóginn og sýndu dekkri hliðar ævintýrana eins og sjá má hjá Yohji Yamamoto í tiskuvíkunni í París í október 2020.



Chanel fór rómantískar leiðir í hvítri blúndu með klassískum sniðum og kvenlegum hringabrynjum í París í fyrra.

## Bjartir tímar framundan

Vorum að taka upp glæsilega sendingu frá meistara **RUNDHOLZ**


Vel hannaður fatnaður, öðruvísi og alltaf töff.

*Boel*

KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á ÖÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK  
Sími 8341809 BOEL boeliland  
Ópið virka daga 12-18 laugardaga 12-16  
[www.boel.is](http://www.boel.is)



Rómantík, ævintýri, prinsessur í kastalurni, dragdrottningar og margt fleira kom til hugar á tiskusýningu Paul & Joe Ready í október í París. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY.



Í öllum ævintýrum er að finna ill öfl. Hér er vonda nornin holdi klædd og hefur aldrei verið glæsilegri. Tiskuvíkan í París í október 2020.



Tiskupallurinn hjá Fendi var eins og ævintýraskógur og vöfundarhús á tiskuvíkunni í Shanghai í mars.



Samsettar palliættur geta líka verið rómantískar eins og sjá má hjá Louis Vuitton í október 2020 á tiskuvíkunni í París.

Hringabrynjan var þema hjá mörgum, hvort sem um var að ræða málmkennd jakkaföt, útskorið leður eða samsettar palliættur með hlekkjum og skrautsteinum eins og sjá má hér á riddaralegri ævintýraprinsessu úr smíðju Pacos Rabanne á tiskuvíkunni í París í október.



# Mjúkis

## ÁRSINS 2021

— MED —  
KARAMELLUKURLI &  
DÖKKRI KARAMELLUSÓSU



Ís ársins 2021 er mættur. Láttu þessa ljúffengu karamellubombu bráðna í munni og hressa upp á bragðlaukana.

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Þjónusta

### Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta  
[www.hsebokhald.is](http://www.hsebokhald.is)  
[hsebokhald@hsebokhald.is](mailto:hsebokhald@hsebokhald.is)  
Sími: 6926910

### FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtalsadstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma 8548080/5168080  
[retta.is](http://retta.is)  
[olafur@retta.is](mailto:olafur@retta.is)



### Málarar

#### REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstipvöum, vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða [malarar@simnet.is](mailto:malarar@simnet.is)

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utan hús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

### Húsviðhald

**Rúnar Múrari ehf**  
S. 774 3800  
Tröppuviðgerðir - Húsviðgerðir  
- Þakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.  
<https://runarmurari.is>

### FLÍSALAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Spádómar

## Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.**  
S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur [Rafverktaki.straumblik@gmail.com](mailto:Rafverktaki.straumblik@gmail.com)

### Atvinna

### Atvinna í boði

Óska eftir starfsmanni vönum trésmiði. Uppl. í s. 763 8199.

### Keypt & Selt

### Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

### Óskast keypt

#### STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

[www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)

Opíð mán - fös 11-16, Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

### Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

[WWW.GEYMSLAEITT.IS](http://WWW.GEYMSLAEITT.IS)

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

## Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER



COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförmum árum.



Auðbrekku 6 - Kópavogi - Sími 565 8899 - [normx@normx.is](mailto:normx@normx.is)

[intellecta.is](http://intellecta.is)

## RÁÐNINGAR



intellecta

### Grandavegur 40

107 Reykjaik

**PANTÍÐ SKOÐUN**  
hjá Jörunni í síma 845 8958

**Falin perla í miðbæ Reykjavíkur**

- Sjarmerandi lítið sérþýli - 81,1 fm
- Á efri palli er mjög gott svefnherbergi innaf því er mjög fallegt baðherbergi.
- Á neðri palli er með fallegt rúmgott alými.
- Húsið allt er einstaklega sjarmerandi og fallegt.
- Kjöríð tækifæri til að komast í sérþýli útaf fyrir sig.
- Eignarlóð.

Nánari upplýsingar:  
**Jörunn Skúladóttir**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 845 8958  
[jorunn@miklaborg.is](mailto:jorunn@miklaborg.is)

Verð: **59,9 millj.**

**MIKLABORG** 569 7000 | Lágmúla 4 | [miklaborg.is](http://miklaborg.is)  
Óskar P. Harkarson og Jason Guðmundsson, löggj. fasteignasalar

### ÍSÁFJARÐARBÆR

## Skipulags- og matslýsingar vegna Botns- og Hvalláturvirkjana í Dýrafirði

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 18. mars s.l. að hefja málsmeðferð á skipulags- og matslýsingum fyrir Botnsvirkjun og Hvalláturvirkjun í Dýrafirði, skv. 40. gr. skipulagslaga 123/2010.

Skipulags- og matslýsingarnatillögurnar verða í birtingu á heimasíðu Ísafjarðarbæjar: [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is) frá 8. apríl 2021 til 24. maí 2021.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma með ábendingar við tillögu-gerðina til og með **mánudagsins 24. maí 2021.**

Ábendingar skulu berast til skipulagsfulltrúa á netfangið [heidajack@isafjordur.is](mailto:heidajack@isafjordur.is) eða bréfléiðis á Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

**Skipulagsfulltrúi**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta. Metum ástand og gerum við.  
[www.fjardarbolstrun.is](http://www.fjardarbolstrun.is)

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • [fjardarbolstrun@gmail.com](mailto:fjardarbolstrun@gmail.com)

## ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorkjóra og snjósléðasæti. Húsbilaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

FYRIR

EFTIR

**Formbólstrun**

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 [www.hs@bolstrun.is](http://www.hs@bolstrun.is)

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)




## Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinnur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

## Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Sími 550 5055 | [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

## AF KÖGUNARHÓLI

## Kaupfélagið



Þorsteinn Pálsson

il á síðustu öld hér á landi, bæði í innflutningi og útflutningi. Þau voru fjarri því að vera gallalaus og leystu ekki allan vanda. Einka-fyrirtækin skákuðu þeim gjarnan. En það sem dró bændur og útflytjendur sjávarafurða inn í samvinnufélög var sú grundvallarregla að réttur þeirra minnstu var tryggður.

Halldór Ásgrímsson var fram-sýnn utanríkisráðherra. Hann náði að tengja hugmyndafræði samvinnufélaga við þau tækifæri, sem Ísland á í Evrópusamvinnu. Hann vildi endurnýja miðju-pólítíkina með því að setja þau mál á dagskrá.

Helsta ástæðan fyrir efasemdum og andstöðu margra við fulla aðild Íslands að Evrópusambandinu er ótti við að miðin fyllist aftur af erlendum fiskiskipum. Ef þessi ótti væri byggður á rökum ætti ég heima í liði efasemdarmanna.

Samkvæmt reglum Evrópusambandsins á engin þjóð rétt til veiði í landhelgi annarrar nema að baki liggja nýleg veiðireynsla. Hún er ekki fyrir hendi. Ísland þarf því ekki undanþágu til þess að halda erlendum veiðiskipum utan lög-sögunnar.

**Miðjan í skrifstykki**

Þeir sem eru lengst til vinstri lýsa Evrópusambandinu sem háborg óhefts kapitalisma. Hinir, sem eru lengst til hægri, draga upp mynd af endurborinni sósíalískri ráðstjórn.

Rangar staðhæfingar og öfga-sjónarmið af þessu tagi á ystu vængjum stjórnmálanna hefta markvissa rökræðu um þessi efni. Miðjúsjónarmiðin hafa einfaldlega verið föst í skrifstykki öfganna.

Nýjar aðstæður kalla á að við losum umræðuna úr þessari þvinguðu stöðu.

Þörfin er nú meiri en áður að koma ár okkar fyrir borð í fjöl-þjóðasamvinnu og nýta öll tækifæri til að gæta hagsmuna landsins. Þar ráðast möguleikarnir á fjölþættari verðmætasköpun.

**Að sitja við borðið**

Helstu hagsmunir okkar í fjöl-þjóðasamstarfi snúast annars vegar um varnir og öryggi og hins vegar um efnahag og viðskipti.

Í Atlantshafsbandalaginu á Ísland sæti við borðið. Vita-skuld ráða stærri ríki mestu. En reynslan hefur samt sýnt að þannig gætum við best hagsmuna þjóðarinnar á þessu sviði.

Ísland á aðild að innri markaði Evrópusambandsins í gegnum EES. Í því felst að ríki með fulla aðild ráða nær allri löggjöf á sviði viðskipta, fjármála, samkeppni, margvíslegra félagslegra réttinda á vinnumarkaði, eftirliti með heilbrigði og hollustu, neytendavernd og á ýmsum öðrum sviðum.

Samt er sú spurning ekki á dagskrá hvort hagsmunagæslan yrði ekki sterkari á þeim vettvangi með því að sitja við borðið eins og í Atlantshafsbandalaginu.

Á komandi árum þurfum við með margvíslegu móti að auðvelda atvinnulífínu að hlaupa hraðar. Full aðild opnar nýjar leiðir til þess um leið og hún auðveldar okkur mikilvæga hagsmunagæslu.

Versta leiðin til að gæta íslenskra hagsmuna er að standa utan gátta hvort sem við sækjum á eða andmælum.

**Endurnýjun miðjustjórn mála**

Evrópusambandið er ein merkilegasta tilraun á síðari tímum til þess að auka hagsæld og tryggja frið með víðtækri samvinnu. Í raun og veru má segja að Evrópusambandið sé eins konar Kaupfélag þjóðanna.

Samvinnufélög voru áhrifamik-



**Evrópusambandið er ein merkilegasta tilraun á síðari tímum til þess að auka hagsæld og tryggja frið með víðtækri samvinnu.**

Þörfin fyrir þá endurnýjun blasti við fyrir tveimur áratugum. Hún er enn óleyst verkefni.

**Dagskrármál**

Auðvitað réðu þeir stærstu mestu í samvinnufélögnum á sínum tíma. En þeir minni voru nokkuð öruggir um að ekki var troðið á rétti þeirra. Minni ríki í Evrópu hafa einmitt sótt í Evrópusambandið af sömu ástæðu. Þau hafa styrkt efnahag sinn og um leið tryggt stöðugleika og öryggi í viðskiptum.

Evrópusambandið er mála-miðlun. Það hafnar óheftum markaðsbúskap og einhliða

félagslegum lausnum. Þess vegna eru flokkar yst til hægri og vinstri gjarnan í andstöðu við samvinnu af þessu tagi.

Miðjumöð þykir ekki alltaf skemmtilegt. En þegar upp er staðið skiptir þó mestu máli að það sem sagt er og gert leiði til farsældar.

Samvinna á grundvelli mála-miðlana hefur reynst öðrum minni þjóðum í Evrópu hagsfelld. Það er andstætt íslenskum hagsmunum að blása þá leið út af borðinu. Við þurfum að nálgast viðfangsefnið með öðrum hætti en fyrir tólf eða tuttugu árum. En það á að fara á dagskrá.

# Netapótek Lyfjavers

## Frí heimsending um land allt!\*



**Afhendum samdægurs**

á höfuðborgarsvæðinu  
mán-lau ef pantað  
er fyrir kl. 13:00.


Í Netapóteki Lyfjavers getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

**Nýttu þér lágt lyfja- og vöruverð á lyfjaver.is**

\*Frí heimsending ef pantaðir eru tveir lyfseðlar eða verslað er fyrir meira en 9.900 krónur.

**LYFJAVÉR**

lyfjaver.is  
Suðurlandsbraut 22



# TÍMAMÓT

ÞETTA GERÐIST: 8. APRÍL 1989

## Fyrsta Bónusverslunin var opnuð

Bónus opnaði fyrstu verslun sína þennan mánaðardag árið 1989. Hann bar upp á laugardag. Verslunin var í 400 fermetra húsnæði að Skútuvogi – og er enn. Bak við hana stóðu feðgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Í DV var haft eftir Jóhannesi við það tækifæri: „Verslunin nefnist Bónus og dregur nafn sitt af þeim afslætti sem veittur verður af öllum vörum.“

Hvort sem um afslætti var að ræða eða ekki fundu neytendur vel fyrir þeim verðmun sem var á vörum í Bónus samanborið við aðrar verslanir sem þá voru við lýði, því stimplaði Bónus sig strax inn sem lágvöruverðsverslun og fékk góðar viðtökur hjá landsmönnum. Á heimasíðu verslunarinnar kemur fram að salan hafi strax orðið þrefalt meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.



Okkar yndislegi eiginmaður, faðir, afi, tengdafaðir og bróðir,  
**Gunnar Snorrason**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi miðvikudaginn 31. mars. Útför fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 13. apríl kl. 13.00.

Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir en útförinni verður streymt á slóðinni: <https://youtu.be/Vf-7stJ9aUM>

**Ólína I. Kristjánsdóttir**

**Aldis Guðrún Gunnarsdóttir** **Gilbert Jacobs**

**Elva Björk Gunnarsdóttir**

**Katrín Sýlvía Símonardóttir**

**Kristján I. Gunnarsson**

**Adda Ósk Gunnarsdóttir**

**Sigrún I. Briem**

**Aron Þór Leifsson**

og barnabörn.



Elskuleg mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,  
**Ólöf Hanna Guðmundsdóttir**  
Brákarhlíð, Borgarnesi,

lést í Brákarhlíð aðfaranótt 6. apríl.

**Gunnhildur J. Halldórsdóttir**

**Þ. Birna Halldórsdóttir**

**Magnús P. Halldórsson**

**Halldór S. Halldórsson**

**Sigurður Ö. Jónsson**

**G. Oddgeir Indriðason**

**Sigurlín S. Sæmundsdóttir**

**Þórunn G. Guðmundsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu fjölskyldunni samúð og hlýju vegna andláts elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,  
**Fanneýjar Ófeigsdóttir**

áður til heimilis að Nesvegi 68,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Seltjörnum á Seltjarnarnesi 16. mars síðastliðinn. Fjölskyldan sendir sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Seltjarnar. Minning þín er ljós í lífi okkar.

**Ófeigur Geirmundsson**

**Baldur Geirmundsson**

**Birna Geirmundsdóttir**

**Sigurður Geirmundarson**

**Sverrir Geirmundsson**

